

## Fundargerð Skólaráðs Vatnsendaskóla

### 16. nóvember 2015 kl. 8:15

**Mættir voru:** Guðrún Soffía Jónasdóttir skólastjóri, Ingibjörg B. Bjarnadóttir og Smári Þorbjörnsson kennarar, Halla Björk Marteinsdóttir og Þorvar Hafsteinsson fulltrúar foreldra, Lilja Hrönn Hrannarsdóttir fulltrúi nemenda, Halldór Sigurjónsson húsvörður og Hekla Hannibalsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

- Dagskrá foreldrafélagsins:** Þorvar kynnti dagskrá foreldrafélagsins. Helstu atburðir skólaársins eru eftirfarandi:

**29. nóvember** – Laufabraguðsdagur frá klukkan 11:00 – 15:00

**5. desember** – Skautadagur á Ingólfstorgi

**14. janúar** – fyrirlestur um ábyrga netnotkun, Elínborg, kennari í Hörðuvallaskóla.

**Dagur bókasafnsins** – halda hann hátiðlegan og hafa líka hjálparsöfnunardag þar sem safna á fatnaði og fleiru fyrir flóttamenn.

**Öskudagur** – halda skemmtun fyrir yngsta stigið í samvinnu við 10. bekkinga.

**Fyrirlestur um miðjan febrúar** – um kvíða barna.

**Páskabingó** – í vikunni fyrir páskaleyfi.

**Fyrirlestur í apríl** – ekki búið að ákveða efni.

**Hjóladagur** – í maí.

**Foreldraröltið** – verið er að skoða hvernig best sé að framkvæma.

**Aðalfundur foreldrafélagsins** – verður haldinn í vor, fyrir vorhátið. Ný stjórn mun þá vinna með gömlu stjórninni við undirbúning og framkvæmd vorhátiðar.

- Starfsáætlun Vatnsendaskóla** – Guðrún Soffía fór yfir áætlun skólans. Búið er að samþykkja áætlunina í Skólanefnd Kópavogs.

### 3. Önnur mál.

- Þorvar** ræddi um umræðu í Samkóp um innleiðingu á spjaldtölvum, sumir hafa áhyggjur af of mikilli notkun.
- GSJ** ræddi um heimsókn skólastjóra og tölvuumsjónarmanna til Odder í DK nýlega þar sem skoðaðir voru skólar sem eru lengra komnir í spjaldtölvuinnleiðingu. Þar eru fáar reglur og menn velja sér baráttur sem þeir vilja vinna.
- Þorvar** sprýr hvernig HK rútan gangi? GSJ: HK rútan er oft of sein og það skapar vandamál hjá dægradvölinni. Það eru einnig nokkur börn í 3. – 4. bekk sem eru ekki í gæslu í dægradvöl en þurfa oft að bíða hátt í klukkustund eftir að kennslu lýkur. Samstarfið við HK hefur gengið ágætlega en það eru hnökrar á t.d. að skilaboð komist til okkar þegar æfingar falla niður.
- GSJ** staðan á íþróttahúsi: Búið er að hanna húsið og opna fyrir útboð til verktaka. Framkvæmdir hefjast næsta vor.
- HH** Lilja Hrönn, Bjarki og Ingunn gengu í bekki í síðustu viku og kynntu störf skólaráðs fyrir nemendum. Þar komu fram punktar varðandi skólalóðina sem þyrfti að bæta úr:

- i. Laga mörkin á fótboltavellinum.
- ii. Setja mörk á malbikaða völlinn
- iii. Nemendur óska eftir „skate-ramp“ á skólalóðina til að geta æft brettakúnstir.

Fundi slitið kl. 9:25